



Hafnarfjörður 25. september 2019

Málsnúmer 18129603

Í samræmi við 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga er gerð eftirfarandi óveruleg breyting á deiliskipulagsskilmálum fyrir Suðurhöfn, bátaskýli frá 24. júlí 2013. Fyrri skilmálabreyting var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 25. apríl 2018 með birtingu í B-deild þann 23. maí 2018 en fjallaði hún um umgengni og þrifnað á svæðinu.

**Samþykkt í skipulags- og byggingarráði 24. september 2019.**

**Endurskoðun greinagerðar hvað varðar mænishæð, porthæð og stærð suðurhurða ásamt lengd austur - vestur hliðar.**

**Lagt er til að eftirfarandi texta verði breytt og standa því skilmálar svona:**

Hámarksbrúttógrunnflötur skýlanna má vera 84 m<sup>2</sup> og hámarks lengd austur – vestur hliða er 12 m og norður suðurhliða 7 m.

Porthæð má vera að hámarki 1.70 m, gólfkóti má vera yfir stórstraumsflæði, hámarks mænishæð er 11.27 m yfir sjávarmáli (landkóti) og þakhalli skal vera sá sami á öllum húsum.

Sökklar mega vera steyptir ásamt portveggjum en þak skal vera úr timbri með bárujárnsklæðingu í grænum eða bláum lit. Leyfilegt er að setja milliloft en það getur ekki orðið heil hæð og telst því ekki til fermetra hússins.

Leyfilegt er að setja tvöfalda hurð á suðurhlið hússins en norðanmegin má setja tvöfalda hurð sem tengist þá þeirri starfsemi sem er í húsinu. Ekki má koma fyrir rotþró heldur skal tengja allt frárennslisli við frárennslislagnir bæjarins. Engar útbyggingar eru leyfðar eins og svalir eða verandir. Gert er ráð fyrir bíla- og bátastæðum.

Leyfilegt er að leggja dráttarbrautir frá húsi niður að lóni. Bent skal á að hafa þarf samráð við umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúrumínjaskrá eða þeirra sem falla undir gr. 37 laga um náttúruvernd 44/1999.

Ennfremur er undirstrikað að milliloft geta ekki orðið heil hæð og munu því aldrei teljast til skráðra fermetra.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.



## HAFNARFJÖRÐUR

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 2. júlí 2019 var samþykkt að breyta skilmálum í samræmi við umsögn skipulagssfulltrúa dags. 14. júní 2019.

Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2019 með athugasemdarfresti til 21. ágúst 2019

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann: 25. september 2019.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann: 10. október 2019.

*Berglind Guðmundsdóttir*

Berglind Guðmundsdóttir  
Landslagsarkitekt FÍLA/skipulagssfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssþjónustu Hafnarfjarðar

